

Knattspyrnufélagið Víkingur



**Skýrsla aðalstjórnar
2023-2024**

Aðalfundur Knattspyrnufélagsins Víkings
4. júlí 2024

Skýrsla aðalstjórnar

Ávarp formanns

Kæru Víkingar,

Ímynd og ásýnd Víkings hefur styrkst mjög mikið síðustu ár. Í dag er félagið í hugum langflestra eitt allra öflugasta íþróttafélag landsins.

Afrek íþróttafélaga er eitt en annað er traustur, agaður og öflugur rekstur. Í dag stendur Víkingur fyrir hvoru tveggja ásamt því að vera sterkt hverfisfélag með hagsmuni íbúa hverfisins að leiðarljósi þar sem virðing og einlægni ríkir.

Við þurfum áfram að hugsa stórt, virkja tækifærin og móta sterka framtíðarsýn. Við þurfum ávallt að hugsa út fyrir þann ramma sem flest íþróttafélög eru innan ásamt því að nýta þau tækifæri sem félagið á. Við setjum markið hátt og ætlum að festa okkur í sessi sem öflugasta íþróttafélag landsins.

Félagið stefnir á að fara í heildarstefnumótun á komandi hausti. Tímapunkturinn er réttur og mikilvægur þar sem félagið hefur stækkað mikið og Safamýrin er nú mikilvægur hluti félagsins. Við munum kynna þessa vinnu og skref í haust.

Allur rekstur félagsins hefur stækkað til mikilla muna á síðustu árum og hefur rekstur félagsins aldrei verið stærri og umfangsmeiri en árið 2023.

Rekstur félagsins er mjög heilbrigður sem endurspeglast í:

- Góðum hagnaði
- Sterkri eiginfjárstaða
- Litlum sem engum lánaskuldbindingum

Með mun meira umfangi þá hafa áhættur í rekstri okkar aukist að sama skapi í krefjandi rekstrarumhverfi. Við höfum mætt því með að stilla enn meiri aga og yfirsýn á okkar stærstu rekstrareiningar í mjög góðu samstarfi við deildir félagsins.

Innviðir félagsins hafa styrkst að sama skapi en þó er ljóst að við þurfum að styrkja innviði enn frekar til að ná utan um vöxt félagsins og nýta tækifærin til framtíðar. Í því sambandi horfum við nú til þess að ráða sérstakan fjármálastjóra á næstu mánuðum.

Félagið hefur skrifað undir samstarf við KPMG um endurskoðun á félaginu, Nú þegar er rekstur aðalstjórnar og knattspyrnudeildar endurskoðaður af KPMG. Frá og með þessu ári mun allur rekstur samstæðunnar og allar deildir verða endurskoðaðar af KPMG.

Það eru tvenns konar sviðsmyndir sem eru fyrir framan okkur hvað Víkina snertir. Annars vegar sú mikla viðhaldspörf sem eru á mannvirkjum okkar í kostnaðarmynd sem er yfir 400 milljónir og hins vegar framtíðaruppsetning þar sem Markarsvæðið er hluti af skipulagi framtíðarsvæðis okkar í Víkinni.

Þessa sviðsmyndir tengjast í gegnum viðræður okkar við borgina með breytt skipulag og nýjar byggingar en skilningur á tímaramma milli félagsins og Reykjavíkurborgar og hversu langt skal gengið í byrjun er ólíkur. Reykjavíkurborg hefur kynnt okkur hugmyndir sínar sem innihalda nýja velli, knatthús og nýjar byggingar.

Viðræður við Reykjavíkurborg standa yfir og þá hefur félagið ráðið arkitektarfyrirtækið Nordic Office of Architecture (NOA) til að hanna skipulag með blandaða uppsetningu fyrir íþróttamannvirki út frá þörfum félagsins í bland við nýja íbúðabyggð. Um leið verður NOA félaginu til ráðgjafar í viðræðum við sveitarfélögin sem eru Reykjavíkurborg og Kópavogsbær. Þá verður NOA einnig félaginu til ráðgjafar með hverfaskipulag og tengingu innan hverfisins okkar.

Við munum kynna framgang og stöðu þessara mála ásamt hugmyndavinnu NOA á sérstökum fundi.

Safamýri hefur komið af miklum krafti, á þeim tveimur árum sem liðin eru, inn í allt starf Víkings og er nýja hverfið ásamt nýjum mannvirkjum félaginu mjög mikilvægt - annars vegar fyrir núverandi starfsemi og hins vegar fyrir þau tækifæri og samlegð sem Safamýri mun búa til fyrir félagið. Við höfum styrkt alla innviði til muna í Safamýri og mun sú vinna halda áfram.

Aukning iðkenda í Safamýrarhverfinu hefur verið stöðug ásamt því að samlegð við Víkina hefur styrkst mikið á þeim tíma sem hefur liðið frá því við Víkingur tók við hverfinu og mannvirkjum. Þá hafa tengingar við skóla hverfisins styrkst mikið sem og við alla hagsmunaaðila í hverfinu.

Víkingur gerði samning við Ríkið og Reykjavíkurborg um að Grindavík fengi afnot af mannvirkjum og aðstöðu okkar í Safamýri. Það skiptir okkur máli að geta aðstoðað íþróttastarfið í Grindavík í þeirra erfiðu og krefjandi stöðu sem Grindavík er í. Hefur félagið lagt mikinn þunga í þetta samstarf með Ríki, Reykjavíkurborg og Grindavík. Eigum við núna í viðræðum við stjórnvöld um næstu skref og áframhaldandi veru Grindavíkur í Safamýri. Það er hins vegar ljóst að við erum nákvæm með þau atriði sem reynst hafa krefjandi í þessu samstarfi og mun félagið standa fast á sínu hvað það varðar með hagsmuni Víkings að leiðarljósi.

Helstu verkefni & áherslur 2024

- Víkin - Markarsvæðið - Uppbygging og viðhald
 - Viðræður við Reykjavíkurborg og ráðgjafa félagsins

- Skipulag & Innviðaupbygging félagsins
- Heildarstefnumótun félagsins
- Safamýri – Áframhaldindi uppbygging, aukning í þjónustuframboð og aukin hverfasamlegð
- Nýir tekjustofnar félagsins
- Skíðaskáli Víkings - Framtíðarsýn

Ég vil þakka stjórnarmönnum í aðalstjórn og starfsfólki fyrir samstarfið og vel unnin störf. Þá vil ég þakka formönnum og öllum stjórnarmönnum deilda og ráða fyrir einstakt og óeigingjarnt starf fyrir félagið, sem og öllum öðrum sem lagt hafa félaginu lið með sjálfbærliðastarfi og ekki síst styrktaraðilum félagsins og velunnurum.

Starf ykkar allra er ómetanlegt.

Þetta er félagið okkar allra - stöndum ávallt saman.

Áfram Víkingur!

Fjármál og mannauður

Á aðalfundi sem fram fór 3. júlí 2023 var Björn Einarsson endurkjörinn formaður félagsins.

Aðalmenn í stjórn til tveggja ára voru kjörin: Nanna Guðmundsdóttir, Jón Fannar Guðmundsson og Elísabet Björnsdóttir. Þá var Sigurbjörn Björnsson kosinn varamaður til tveggja ára.

Kristín Magnúsdóttir, Vilhjálmur Jens Árnason og Helgi Eysteinnsson voru kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2022 og eru því í kjöri í dag. Soffía Hilmarsdóttir varamaður í stjórn gefur ekki kost á sér til áframhaldandi starfa eftir langt starf fyrir BUR og aðalstjórn.

Verkaskipting stjórnar er óbreytt frá fyrri árum. Vilhjálmur Jens Árnason gegndi stöðu varaformanns, Kristín Magnúsdóttir stöðu gjaldkera og Nanna Guðmundsdóttir stöðu ritara.

Breytingar urðu á stafsmanahaldi á árinu. Valgerður Marija Purusic er nýr íþróttafulltrúi í Safamýri og Jón Gunnlaugur Viggósson tók við af Guðbjörgu Hjartardóttir sem rekstrarstjóri í Safamýri.

Hagnaður af rekstri aðalstjórnar nam rúmlega 27 milljónum á árinu 2023. Hagnaður af rekstri félagsins í heild sinni nam tæplega 22,7 milljónum. Aldrei hefur veltan verið meiri eða tæplega 924 milljónir. Kostnaðurinn eykst samhlíða og var rúmlega 900 milljónir á árinu,

Íþróttamál

Árið hefur verið blómlegt og gæfuríkt fyrir Víkinga á flest öllum vígvöllum og fjöldi titla ber vott um það.

Meistaraflokkar félagsins í knattspyrnu unnu allt sem þau gátu innanlands árið 2023, Íslands og bikarmeistarar karla og stelpurnar bikar- og Lengjudeildarmeistarar sem skilaði þeim sæti í Bestu deildinni. Þar að auki stóð 2. flokkur karla uppi sem bikarmeistari og 2 fl. kvenna varð Reykjavíkurmeistari og endaði í 2. sæti á Íslandsmótinu.

Róðurinn var þungur í handboltanum en árangurinn í takt við stíganda unanfarinna ára. Meistaraflokkur karla féll með naumindum úr efstu deild og er nú þegar hafin vinna við að koma þeim aftur upp og festa sig í sessi þar. Meistaraflokkur kvenna bætti enn einu sinni árangur sinn og fór í umspil um sæti í Olís deildinni.

Veturinn var gjöfull hjá Skíðadeildinni en Víkingur á Íslandsmeistara í stórsvigi karla og kvenna ásamt því að 3 af 6 keppendum Íslands á HM unglinga komu úr okkar röðum.

Borðtennisdeildin var söm við sig og sótti Íslandsmeistaratitil í liðakeppni karla og kvenna á árinu.

Tennisdeild Víkings er áfram í fararbroddi í grasrótastarfi Tennisíþróttarinnar á Íslandi og glæsilegir tennisvellir Víkings í Fossvogi þungamiðjan þar. Mikið af mótum eru haldin á svæðinu og tennisspilarar Víkings náðu 2. sæti í liðakeppni karla og kvenna sem og 2. sæti í einliðaleik karla og kvenna.

Almenningsdeildin hefur haldið sínu góða starfi áfram og gegnir mikilvægu hlutverki að stuðla að félagsauð og lýðheilsu í hverfinu okkar. Hápunktur ársins hjá þeim er hið árlega Fossvogshlaup Hleðslu, en það var haldið þann 24. ágúst í Fossvoginum og gekk með eindæmum vel.

Hjólreiðadeildin stuðlar að félagsskap og lýðheilsu í hverfinu og æfir hjólreiðadeildin allt árið um kring. Yfir vetrarmánuðina æfir hópurinn í World Class. Bætt hefur verið í fjölbreytnina en núna er boðið uppá fjallahjólaæfingar í samstarfi við Hjólreiðadeild Aftureldingar.

Karatedeildin hefur komið sér vel fyrir í Safamýrinni og er aðstaðan hin glæsilegasta. Karatedeild Víkings er gríðarlega mikilvæg fyrir þjónustu Víkings við hverfið og að bjóða uppá eins fjölbreytt íþróttastarf og hægt er.

Yngri flokka starf Víkings í fótbolta og handbolta fer ört vaxandi og hefur fjölgun í yngri flokkum í handbolta verið gífurlega mikil og hröð undanfarin ár, einnig hefur fjölgað í yngri flokkum í fótbolta og er yngri flokka starf Víkings með því fjölmennasta í Reykjavík. Flottur árangur hefur náðst og ber þar helst að nefna að 5. flokkur kvenna lék til úrslita í fjórum liðum og stóðu uppi sem Íslandsmeistarar í þremur þeirra. Uppbygging Víkings í Safamýrinni hefur gengið vel og fer ört fjölgandi börnum á gangi um Safamýrina klædd í Víkingsfatnað og hefur innkoma Safamýrinnar gegnt lykilhlutverki í fjölgun iðkenda í yngri flokkum.

Íþróttaskóli Víkings var á sínum stað og komust færri að en vildu og sama má segja um Sumarnámskeið Víkings. Bryddað var uppá nýjungum á sumarnámskeiðunum en í ár var boðið uppá fjölgreinanámskeið þar sem þátttakendur fengu að spreyta sig í fótbolta og handbolta ásamt karate, tennis og borðtennis.

Mannvirki – Víkin

Ýmisleg vinna hefur átt sér stað í Víkinni og upptalningu á helstu verkefnum má finna hér að neðan.

- Endurnýjun á hátalarakerfi í áhorfendastúku við aðalvöll félagsins. Settir upp fjórir hátalarar bak við stúku og tveir hátalarar á hamingjutorginu. Einnig voru settir upp fjórir hátalarar í tengibyggingunni.
- Tengibyggingin var sprautuð svört hátt og lágt og hún þannig undirbúin undir myndir/auglýsingar sem koma á veggina.
- Skrifstofa knattspyrnudeildar og skrifstofa þjálfara meistaraflokks karla endurnýjaðar og sett ný húsgögn þar inn.

- Klefar 5 og 6 voru endurnýjaðir. Um 2000 flísar voru brotnar upp og steypugólfefni frá Gólfefni sett í staðinn, allt var málað og nýjar sturtur settar upp.
- Miklar endurbætur hafa átt sér stað í stúkunni með það að markmiði að bæta upplifun áhorfenda. Þannig hefur nýtt hljóðkerfi verið sett upp eins og áður greinir en einnig hefur einu bili verið breytt í sal/setustofu fyrir áhorfendur. Bilið hefur fengið nafnið Lárustofa í höfuðið á Láru Herbjörnsdóttir. Einnig hefur aðstaða fyrir grillun og samsetningu hamborgara verið stórbætt.
- 2 stór blöndunartæki sem tengjast öllum sturtum í húsinu voru tekin upp og þau endurnýjuð.
- Gluggar og veggir í hátíðarsal voru málaðir.
- Bæði öryggiskerfi og brunakerfi voru endurnýjuð auk þess sem nokkrum myndavélum var bætt við áður uppsettar velar.
- Nýr þakpappi var lagður á tengibyggingu og lofttúður endurnýjaðar.
- Auk þessa var unnið að öðru árlegu viðhaldi þar sem var málað, þrifið, múrað og fleiri smærri verk framkvæmd.

Mannvirki - Safamýri

- Ný vallarklukka var sett upp á útvegg sem snýr í suður og getur þannig þjónað bæði gervigrasvellingum og grassvæðinu.
- Bráðabirgðastúkur voru settar upp við gervigrasvöllinn svo hægt væri að vera með leiki í Lengjudeildinni á vellingum.
- Áframhaldandi viðhald á húsnæði þar sem mikið hefur verið málað, blái liturinn hefur smá saman farið úr aðalhlutverki.
- Nýtt myndavélakerfi, með 28 vélum, var sett upp.

Stærra viðhald bíður enn þar sem Reykjavíkurborg, eigandi húsnæðisins, hefur ekki enn úthlutað fjármagni til verksins.



Knattspyrnufélagið Víkingur - Aðalstjórn
Aðalstjórn
Ársreikningur 2023

Óendurskoðaður ársreikningur
Knattspyrnufélagið Víkingur - Aðalstjórn
Traðarlandi 1
101 Reykjavík

Kt. 700269-0789

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Rekstur ársins 2023 og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur félagsins námu 323,5 millj. kr. á árinu 2023 og hækkuðu um 79,2 millj. kr. milli ára eða um 32%. Hagnaður félagsins á árinu 2023 nam 27,0 millj. kr. (2022: 15,3 millj. kr.)

Eigið fé félagsins í árslok nam 1.132,1 millj. kr. (2022: 1.105,1 millj. kr.).

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 13,0 (2022: 13,0).

Stjórn og framkvæmdastjóri Aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Víkings hafa í dag rætt ársreikning aðalstjórnar félagsins fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík; 25. júní 2024.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun endurskoðanda

Til aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Víkings

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Knattspyrnufélagsins Víkings - Aðalstjórn fyrir árið 2023 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn og framkvæmdastjóri félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðipækkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórn og framkvæmdastjóri hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Reykjavík; 25. júní 2024.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Styrkir frá ÍBR, ÍSÍ og ÍTR		244.152.364	177.380.340
Aðrar húsaleigutekjur		25.190.974	13.734.689
Styrktarsjóður		46.311	75.110
Tekjur af lottó		14.184.202	13.156.000
Tekjur af samkeppnisrekstri, flettiskilti ofl.		17.136.985	16.605.689
Námskeið		8.473.681	7.952.218
Aðrar tekjur		14.356.493	15.437.872
		<u>323.541.010</u>	<u>244.341.918</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	6	127.403.155	96.817.860
Rekstur fasteigna		62.677.560	52.646.896
Annar rekstrarkostnaður		30.088.749	24.500.596
Samkeppnisrekstur		1.726.541	336.373
Gjaldfærð orlofsskuldbinding		2.981.369	1.379.919
Afskriftir	7	2.144.492	1.292.459
		<u>227.021.866</u>	<u>176.974.103</u>
Rekstrarhagnaður fyrir framlög deilda		96.519.144	67.367.815
Framlög til deilda	(	66.596.707)	(48.798.142)
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		29.922.437	18.569.673
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		1.347.184	259.250
Vaxtagjöld	(	4.268.034)	(3.493.000)
	(	<u>2.920.850)</u>	<u>(3.233.750)</u>
Hagnaður ársins		<u>27.001.587</u>	<u>15.335.923</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	1.100.032.334	1.102.176.826
Fastafjármunir		1.100.032.334	1.102.176.826
Viðskiptakröfur		45.587.017	32.272.494
Handbært fé		38.398.487	27.944.798
Veltufjármunir		83.985.504	60.217.292
Eignir samtals		<u>1.184.017.838</u>	<u>1.162.394.118</u>
Eigið fé			
Höfuðstóll frá fyrra ári		1.009.997.688	994.661.765
Endurmat fasteigna		95.150.000	95.150.000
Afkoma ársins		27.001.587	15.335.923
Eigið fé		<u>1.132.149.275</u>	<u>1.105.147.688</u>
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir	8	26.485.229	32.853.605
Langtímaskuldir		<u>26.485.229</u>	<u>32.853.605</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	8	6.369.280	5.792.331
Viðskiptaskuldir		5.316.804	7.349.730
Aðrar skammtímaskuldir		13.697.250	11.250.764
Skammtímaskuldir		<u>25.383.334</u>	<u>24.392.825</u>
Skuldir samtals		<u>51.868.563</u>	<u>57.246.430</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.184.017.838</u>	<u>1.162.394.118</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlaun tekna

Tekjur eru færðar í reikninginn þegar þeirra hefur verið aflað og þær hafa fengist greiddar.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun utan fasteigna sem færðar eru á fasteignamati hvers árs og endurmat fært á eigið fé. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Vélar, áhöld og tæki 5 ár

4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

5. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þann	2023	2022
Laun	103.689.953	79.893.112
Mótframlag í lífeyrissjóð	13.148.410	9.786.134
Önnur launatengd gjöld	7.377.673	5.482.418
Annar starfsmannakostnaður	3.187.119	1.656.196
Laun og launatengd gjöld samtals	127.403.155	96.817.860
Ársverk	13	13

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2022.....	1.089.000.000	24.668.629	1.113.668.629
Heildarverð 31.12.2022.....	1.089.000.000	24.668.629	1.113.668.629
Fært út árinu	0	(5.263.338)	(5.263.338)
Heildarverð 31.12.2023.....	1.089.000.000	19.405.291	1.108.405.291
Afskrifað samtals 1.1.2022.....	0	10.199.339	10.199.339
Afskriftir ársins	0	1.292.459	1.292.459
Afskrifað samtals 31.12.2022.....	0	11.491.798	11.491.798
Afskriftir færðar út	0	(5.263.338)	(5.263.338)
Afskriftir ársins	0	2.144.497	2.144.497
Afskrifað samtals 31.12.2023.....	0	8.372.957	8.372.957
Bókfært verð 31.12.2022.....	1.089.000.000	13.176.831	1.102.176.831
Bókfært verð 31.12.2023.....	1.089.000.000	11.032.334	1.100.032.334
Afskriftahlutföll	0%	20%	

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti greinist þannig:

	Fasteignamat	Brunabótamat
Fasteignir	1.089.000.000	1.734.050.000
Samtals	1.089.000.000	1.734.050.000

8. Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir greinast þannig:

	2023	2022
Óverðtryggðar skuldir í ISK	32.854.509	38.645.936
Skuldir við lánastofnanir samtals	32.854.509	38.645.936
Næsta árs afborganir langtímalána	(6.369.280)	(5.792.331)
Skuldir við lánastofnanir samkvæmt efnahagsreikningi	26.485.229	32.853.605

Afborganir skulda við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

Afborganir árið 2024/2023	6.369.280	5.792.331
Afborganir árið 2025/2024	7.237.699	6.369.280
Afborganir árið 2026/2025	8.224.522	7.237.699
Afborganir árið 2027/2026	9.345.893	8.224.522
Afborganir árið 2028/2027	1.677.115	11.022.706
Afborganir langtímalána samtals	32.854.509	38.646.538

Sundurliðanir

	2023	2022
Styrkir frá ÍBR og ÍTR		
ÍBR húsaleigustyrkir Víkin	93.354.308	81.191.000
ÍBR rekstrarsamningur Safamýri	57.099.582	34.076.040
ÍBR skattar	(225.000)	(29.950)
ÍBR framlag vegna Covid	0	2.000.217
ÍTR styrkir v/viðhalds	17.849.379	8.000.000
Frístundakort sveitarfélaga	59.104.006	37.914.181
ÍTR aðrir styrkir	16.970.089	14.228.852
	<u>244.152.364</u>	<u>177.380.340</u>
Húsaleigutekjur		
Húsaleiga Víkin	16.287.474	9.974.689
Húsaleiga Safamýri	8.903.500	3.760.000
	<u>25.190.974</u>	<u>13.734.689</u>
Styrkir ekki færðir í ársreikningi		
Aðrir styrkir frá ÍBR/ÍTR sem ekki koma til greiðslu til Víkings eru:		
Styrkur vegna afnota á Borgarmannvirkjum og Egilshöll	29.168.000	27.310.000
Fasteignagjöld ársins, greidd af styrk frá ÍTR	16.321.653	14.893.864
	<u>45.489.653</u>	<u>42.203.864</u>
Laun og launatengd gjöld		
Laun	103.689.953	79.893.112
Lífeyrissjóður	13.148.410	9.786.134
Tryggingagjald	7.377.673	5.482.418
Önnur launatengd gjöld	1.670.160	1.384.821
Verktakalaun	1.516.959	271.375
	<u>127.403.155</u>	<u>96.817.860</u>
Rekstur fasteigna		
Fasteignagjöld, vatns- og fráveitugjöld	2.294.085	2.329.613
Rafmagn, hiti og vatn	8.877.279	3.860.977
Rafmagn, hiti og vatn í Safamýri	10.188.596	2.244.207
Tryggingar	2.762.665	2.304.426
Viðhald fasteigna og annar húsnæðiskostnaður	10.435.542	15.111.807
Kostnaður v/útleigu í Safamýri	890.708	843.728
Íþróttaáhöld	2.826.494	4.241.487
Íþróttaáhöld í Safamýri	533.490	1.946.034
Sorphreinsun	1.150.015	995.613
Sorphreinsun í Safamýri	1.118.584	340.727
Öryggisgæsla og viðhald kerfis	2.170.021	1.012.259
Öryggisgæsla og viðhald kerfis í Safamýri	2.013.298	89.156
Ræsting og hreinlætisvörur	11.049.078	8.610.216
Ræsting og hreinlætisvörur í Safamýri	1.403.615	1.496.359
Snjómokstur, hálkeyðir, veggjakort ofl.	1.123.157	1.259.970
Rekstrarvörur og annar kostnaður	3.034.210	3.684.992
Rekstrarvörur og annar kostnaður í Safamýri	806.723	2.275.325
	<u>62.677.560</u>	<u>52.646.896</u>

Sundurliðanir frh.:

Annar rekstrarkostnaður

Pappír, prentun og ritföng	581.555	491.152
Burðargjöld og dreifing	43.147	8.318
Síma- og netkostnaður	594.871	2.433.881
Tölvukostnaður	3.446.008	1.611.111
Funda- og þingkostnaður	40.581	41.735
Áhöld og tæki	750.310	799.198
Útlagður kostnaður vegna viðburða	2.270.903	1.696.589
Ýmis kostnaður vegna námsskeiða	4.546.257	2.556.332
Akstur og ferðir	13.242.355	11.206.966
Viðburðir	15.984	168.300
Verðlaun og viðurkenningar	140.204	389.658
Ýmis skrifstofukostnaður	59.817	42.385
Þjónustu og seðilgjöld fjármálast.	160.865	170.740
Annar kostnaður	4.195.892	2.884.231
	<u>30.088.749</u>	<u>24.500.596</u>

Framlag til deilda

Frá Aðalstjórn

Knattspyrnudeild	2.783.504	4.176.816
Barna- og unglingaráð Knd.	424.947	970.446
Handknattleiksdeild	2.985.490	4.115.235
Tennisdeild	500.000	400.000
Skíðadeild	556.084	499.201
Borðtennisdeild	400.000	300.000
Karatedeild	500.000	400.000
	<u>8.150.025</u>	<u>10.861.698</u>
Handknattleiksdeild, Barna- og unglingaráð	13.850.848	8.003.304
Knattspyrnudeild, Barna- og unglingaráð	39.762.128	26.137.331
Knattspyrnudeild	1.744.201	1.337.900
Skíðadeild	1.013.879	861.849
Borðtennisdeild	222.000	217.000
Tennisdeild	658.840	293.900
Karatedeild	1.194.786	1.085.160
	<u>58.446.682</u>	<u>37.936.444</u>
Samtals framlag til deilda	<u>66.596.707</u>	<u>48.798.142</u>

Knattspyrnufélagið Víkingur

Heildarársreikningur



Ársreikningur

2023

Rekstrarreikningur ársins 2023

	2023	2022
Rekstrartekjur:		
Framlög og styrkir	341.871.902	320.385.010
Tekjur af mótum	150.184.468	255.918.069
Tekjur af samkeppnisrekstri	20.136.985	17.645.689
Húsa- og vallarleigutekjur	34.843.610	22.737.362
Æfingagjöld	125.143.250	105.623.276
Aðrar tekjur	251.484.828	184.315.736
	<u>923.665.043</u>	<u>906.625.142</u>
 Rekstrargjöld:		
Laun, launatengd gjöld og verktakagreiðslur	438.302.649	359.104.927
Áhöld, tæki og aðstaða	14.327.255	19.297.480
Þátttaka í mótum og kostnaður vegna mótahalds	152.588.199	162.858.150
Rekstur mannvirkja	83.348.581	72.146.854
Rekstur skrifstofu	34.668.653	34.158.583
Kostnaður vegna samkeppnisreksturs	1.726.541	336.373
Framlag til deilda	16.020.025	13.611.698
Önnur gjöld	159.448.313	142.511.363
	<u>900.430.216</u>	<u>804.025.428</u>
 Afkoma fyrir fjármagnsliði	23.234.827	102.599.714
 Fjármagnsliðir:		
Hreinar fjármagnstekjur / (fjármagnsgjöld)	(565.310)	(6.253.971)
 Afkoma ársins	<u>22.669.517</u>	<u>96.345.743</u>

Efnahagsreikningur 31.desember 2023

Eignir	2023	2022
Fastafjármunir:		
Verðgildi leikmanna	16.000.000	10.300.000
Fasteignir og mannvirki	1.188.061.358	1.184.161.009
Ljósleiðari	0	737.280
LED vallarskjár	2.129.920	2.662.400
Varamannaskýli og hús	8.100.000	8.100.000
Áhöld og íþróttatæki	2.623.891	3.390.394
Annar búnaður	0	108.229
	<u>1.216.915.169</u>	<u>1.209.459.312</u>
Veltufjármunir:		
Skammtímakröfur	92.088.134	54.690.647
Vörubirgðir	298.139	288.097
Handbært fé	99.127.851	112.826.865
	<u>191.514.124</u>	<u>167.805.609</u>
Eignir samtals	<u>1.408.429.293</u>	<u>1.377.264.921</u>

Skuldir og eigið fé

	2023	2022
Eigið fé:		
Höfuðstóll frá fyrra ári	1.290.016.011	1.131.383.659
Endurmat fasteigna	3.980.000	103.423.053
Verðgildi leikmanna	1.800.000	(3.200.000)
Afkoma ársins	22.669.517	58.409.299
	<u>1.318.465.528</u>	<u>1.290.016.011</u>
Langtímaskuldir:		
Langtímaskuldir	26.485.229	38.645.936
	<u>26.485.229</u>	<u>38.645.936</u>
Skammtímaskuldir:		
Ógreiddur kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	57.109.256	48.602.974
Afborganir næsta árs af langtímalánum	6.369.280	0
	<u>63.478.536</u>	<u>48.602.974</u>
Skuldir samtals	<u>89.963.765</u>	<u>87.248.910</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>1.408.429.293</u>	<u>1.377.264.921</u>

Ársreikningur 2023

Félag : Víkingur

Rekstur

Tekjur		Deild	Aðalstjórn	Alm.deild	Borðtennis	Fulltr.ráð	Handknd.	BUR hkd.	Hjóladeild	Karate	Knattsp.	BUR knd.	Skíðad.	Tennis	Heildin
11000	Framlög og styrkir		199.449.399	500.000	510.000		15.648.916	1.787.490	100.000	500.000	98.963.166	5.925.763	5.821.774	12.665.394	341.871.902
15000	Tekjur af mótum			1.474.227			5.424.030	5.124.042			125.875.536	10.629.133		1.657.500	150.184.468
17000	Auglýsingatekjur		17.136.985								3.000.000				20.136.985
20000	Húsa- og vallarleigutekjur		25.190.974		8.450.000									1.202.636	34.843.610
22200	Æfingagjöld			1.732.513	600.095			31.527.160	2.217.000	2.009.628	3.799.788	78.916.049	1.013.879	3.327.138	125.143.250
22000	Aðrar tekjur		23.316.970	683.800	2.695.000		9.419.683	11.719.147	832.065		155.230.960	47.587.203			251.484.828
TEKJUR ALLS			265.094.328	4.390.540	12.255.095		30.492.629	50.157.839	3.149.065	2.509.628	386.869.450	143.058.148	6.835.653	18.852.668	923.665.043

Gjöld		Deild	Aðalstjórn	Alm.deild	Borðtennis	Fulltr.ráð	Handknd.	Unglr.HKD	Hjóladeild	Karate	Knattsp.	BUR knd.	Skíðad.	Tennis	Heildin
31000	Laun og verktakagreiðslur		127.403.155	1.253.500			14.128.586	16.231.168	2.389.250	1.788.500	192.796.822	72.255.320	2.538.000	7.518.348	438.302.649
35000	Styrkir til deilda		8.150.025								7.870.000				16.020.025
36000	Félagaskipti og sala leikmanna						308.000				5.282.346				5.590.346
37000	Áhöld og tæki			537.022	70.211		1.594.972	1.647.672			8.175.697	1.451.095		850.586	14.327.255
40000	Þátttaka í mótum	Samtala		495.734	2.531.497		10.529.880	15.166.028	389.358	289.233	116.168.537	1.764.569	1.960.499		149.295.335
	Ferðakostnaður innanlands			495.734			932.755	367.135			5.063.018	746.576			7.605.218
	Ferðakostnaður erlendis										27.600.585				27.600.585
	Annar þátttökukostnaður				2.531.497		9.597.125	14.798.893	389.358	289.233	83.504.934	1.017.993	1.960.499		114.089.532
45000	Kostnaður v/mótahalds			155.550							1.704.359	1.297.735		135.220	3.292.864
48000	Rekstur mannvirkja		63.278.569		8.450.000								1.430.458	10.189.554	83.348.581
53000	Rekstur skrifstofu		29.428.240				72.958		76.880	40.600	5.049.975				34.668.653
56000	Kynning, fræðsla og útbr.				1.275.000					26.987			300.000		1.601.987
60000	Kostn. v/samkeppnisreksturs		1.726.541												1.726.541
65000	Önnur gjöld		5.185.361	1.586.052	13.339		1.459.835	9.432.870	595.761		69.889.633	63.959.610	79.651	53.868	152.255.980
76000	Fjármagnsliðir		2.920.850	-255.046	-8.559	-7.535	76.966	-59.711	-26.813	-19.630	-1.377.527	-395.903	-271.417	-10.365	565.310
GJÖLD ALLS			238.092.741	3.772.812	12.331.488	-7.535	28.171.197	42.418.027	3.424.436	2.125.690	405.559.842	140.332.426	6.037.191	18.737.211	900.995.526

HAGNAÐUR / TAP		27.001.587	617.728	-76.393	7.535	2.321.432	7.739.812	-275.371	383.938	-18.690.392	2.725.722	798.462	115.457	22.669.517
----------------	--	------------	---------	---------	-------	-----------	-----------	----------	---------	-------------	-----------	---------	---------	------------

Ársreikningur 2023

Félag : Víkingur

Efnahagur

EIGNIR		Deild	Aðalstjórn	Alm.deild	Borðtennis	Fulltr.ráð	Handknd.	Unglr.HKD	Hjóladeild	Karate	Knattsp.	BUR knd.	Skíðad.	Tennis	Heildin
81000	Fastafjármunir		1.100.032.334		1.821.477						27.980.000		86.881.358	200.000	1.216.915.169
85000	Veltufjármunir		83.985.504	4.796.107	1.181.291	364.271	3.154.494	7.344.037	1.288.834	1.645.519	61.064.071	19.636.096	6.398.216	655.684	191.514.124
EIGNIR ALLS			1.184.017.838	4.796.107	3.002.768	364.271	3.154.494	7.344.037	1.288.834	1.645.519	89.044.071	19.636.096	93.279.574	855.684	1.408.429.293

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		Deild	Aðalstjórn	Alm.deild	Borðtennis	Fulltr.ráð	Handknd.	Unglr.HKD	Hjóladeild	Karate	Knattsp.	BUR knd.	Skíðad.	Tennis	Heildin
91000	Eigið fé		1.132.149.275	4.685.150	3.002.768	364.271	-9.440.496	6.740.047	1.288.834	1.645.519	70.001.465	13.918.837	93.254.174	855.684	1.318.465.528
92000	Skuldir	Samtala		110.957			12.594.990	603.990			19.042.606	5.717.259	25.400		89.963.765
	Langtímaskuldir		26.485.229												26.485.229
	Skammtímaskuldir		25.383.334	110.957			12.594.990	603.990			19.042.606	5.717.259	25.400		63.478.536
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS			1.184.017.838	4.796.107	3.002.768	364.271	3.154.494	7.344.037	1.288.834	1.645.519	89.044.071	19.636.096	93.279.574	855.684	1.408.429.293